



Alþingi - Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, mánudagur, 15. apríl 2024
UST202403-403/G.S.O.
04.00

Efni: Til umsagnar 831. mál - Náttúruverndar- og minjastofnun

Vísað er til erindis dags. 25. mars 2024 þar sem Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendi Umhverfisstofnun til umsagnar 831. mál, frumvarp til laga um Náttúruverndar- og minjastofnun.

Umhverfisstofnun vill koma á framfæri eftirfarandi ábendingum.

Í frumvarpinu er lagt til að sett verði á laggirnar ný Náttúruverndar- og minjastofnun sem taki við hlutverki, verkefnum, réttindum og skyldum, eignum og skuldbindingum Minjastofnunar Íslands, Vatnajökulsþjóðgarðs og þjóðgarðsins á Þingvöllum ásamt hluta af starfsemi Umhverfisstofnunar.

Frumvarpið gerir þannig ráð fyrir að Umhverfisstofnun verði skipt upp í tvær einingar sem svo verði sameinaðar öðrum stofnunum. Endurskipulagningin hefur áhrif á skipulagsheildir, mannauð, skipulag fjármála, stafræna innviði, skjalastjórnun og gæðastjórnun. Endurskipulagning sem þessi kallar því á töluverða vinnu samhliða daglegum rekstri. Nauðsynlegt er að gefinn verði hæfilegur tími til þessa verkefnis svo endurskipulagningin komi ekki um of niður á faglegu starfi.

Samlegð er í verkefnum náttúruverndar með Þingvallapjóðgarði og Vatnajökulsþjóðgarði og vinna þessar stofnanir nú þegar saman í stórum verkefnum svo sem ástandsmati áfangastaða í náttúru Íslands, námskeiðshaldi fyrir landverði o.fl. Samhliða undirbúningi endurskipulagningar hefur samstarfsverkefnum fjölgað. Samvinna við Minjastofnun hefur einnig aukist á undanförunum misserum.

Athugasemdir við einstök ákvæði frumvarpsins

5. gr. Gildistaka

Í ákvæðinu segir að fyrirhuguð stofnun taki við þess hluta af starfsemi Umhverfisstofnunar er lýtur að náttúruvernd. Umhverfisstofnun bendir á að skv. 1. gr. frumvarpsins tekur ný stofnun einnig við þess hluta af starfsemi Umhverfisstofnunar er lýtur að lífríki og veiðistjórnun.

Frumvarpið felur í sér verulega breytingu á samsetningu verkefna sem felur í sér tækifæri og áskoranir. Tryggja þarf áherslur á líffræðilega fjölbreytni og aðra fjölbreytni náttúrunnar ásamt markvissri varðveislu menningarminja. Veruleg tækifæri eru í að auka þjónustu við landsmenn sem og ferðamenn á áfangastöðum menningar- og náttúruminja ef vilji stendur til þess í héraði.

Lagt er til að löginn taki gildi 1. janúar 2025. Mikilvægt er að gildistaka sé um áramót en ekki á miðju ári einkum til að tryggja yfirsýn yfir fjármál. Mikilvægt er eftir að tímalína innleiðingar og gildistaka verði stillt saman við afgreiðslu frumvarpsins. Gera þarf markvissa áætlun um fyrirhugaða endurskipulagningu ef þessi skammti tími fram að gildistöku á að nægja til undirbúnings.

Ákvæði til bráðabirgða

Í 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða segir: „Starfsfólk Umhverfisstofnunar, Minjastofnunar Íslands, Vatnajökulspjóðgarðs og þjóðgarðsins á Þingvöllum sem ráðið verður til starfa hjá Náttúruverndar- og minjastofnun heldur réttindum sem það hefur áunnið sér til námsleyfis og um lengdan uppsagnarfrest samkvæmt kjarasamningum þar sem miðað er við samfelld starf hjá sömu stofnun“. Óljóst er aftur á móti hvort starfsfólk haldi áunnum orlofsréttindum sínum inn í nýja ráðningu hjá nýrri stofnun. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að frumvarpið mæli fyrir um að starfsfólk haldi orlofsréttindum sínum og þurfi ekki að fá orlof greitt út við lok ráðningar og hefja svo ávinnslu að nýju í nýrri ráðningu. Það er talið óhagræði fyrir starfsfólk.

Fulltrúar stofnunarinnar eru reiðubúnir að koma á fund umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis og fara nánar yfir efni umsagnarinnar.

Virðingarfyllt,

Sigrún Ágústsdóttir,
forstjóri

Inga Dóra Hrólfsdóttir,
sviðsstjóri